



Plastílát Framleiðandi þarf að tryggja að dósir sem hann selur jógúrt í henti þeirri vöru, en hann þarf ekki að tryggja að dósin henti fyrir önnur matvæli.

**Örugg matvæli
– allra hagur!**

Endurnýting umbúða og ílát fyrir matvæli

ÞEGAR við kaupum innpökkuð matvæli getur verið hentugt að nýta umbúðirnar aftur. Í sumum tilvikum er öruggt að endurnýta umbúðir og ílát. Í öðrum tilvikum getur það verið varasamt.

Ef ílát og umbúðir eru notaðar á annan hátt en þær eru hannaðar fyrir, geta óæskileg og heilsuspillandi efni borist úr þeim í matvælin. Neytendur ættu að fara varlega í að endurnýta umbúðir fyrir aðrar gerðir af matvælum en þær eru hannaðar fyrir. Framleiðendur umbúða eru ekki ábyrgir fyrir öryggi þeirra séu þær notaðar með öðrum hætti en ætlast er til af framleiðendum.

Matvælaframleiðendur bera ábyrgð á því að umbúðir sem þeir selja matvæli í séu örugg neytendum. Framleiðandi þarf t.d. að tryggja það að dósir sem hann selur jógúrt í henti þeirri vöru, en hann þarf ekki að tryggja að jógúrtdósin henti fyrir önnur matvæli.

Margvísleg ílát eða umbúðir eru hönnuð til að geyma matvæli og má nýta aftur, en þó þarf að huga að samsetningu matvæla og að hitastig og sýrustig sé ekki frábrugðið því sem á við þá notkun sem þau eru hönnuð fyrir.

Einnig þarf að gæta vel að því að ílátin séu vel þvegin fyrir notkun.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Forðast ætti að nota mjúk og/eða lituð plastílát fyrir feit og heit matvæli.
- Endurnýtið umbúðir/ílát fyrir svipuð matvæli og við svipaðar aðstæður og þær/þau voru upphaflega notuð fyrir.
- Fyrir örbylgjuofninn skal aðeins nota ílát sem merkt eru „örugg“ í örbylgjuofna og fyrir uppþvottavélina skal aðeins nota ílát sem merkt eru „örugg“ í uppþvottavél.
- Ekki endurnýta tómar niðursuðudósir, hvorki til að geyma matvæli í né við eldun.
- Ílát undan ís og mjólkurvörum eru hentug til að frysta matvæli í eða geyma í kæli. Athugið þó að kæla matvælin áður en þau eru sett í ílátin.
- Innkaupapokar og sorppokar henta ekki til geymslu á matvælum.
- Setjið ekki heit matvæli eða drykki (t.d. kaffi) í plastumbúðir nema þær sem eru ætlaðar fyrir heita vöru.